# Kennsluáætlun

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

| | |
|---|---|
| Áfangi: | FÉLA2KR05 - Kenningar og rannsóknaraðferðir |
| Kennari: | Hermann Hermannsson |
| Önn: | Vor 2026 |
| Áætlun unnin: | Desember 2025 |

## Markmið:

Þekkingarmarkmið:

*Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:*

- kenningarsjónarhornum félagsfræðinnar; samskipta-, samvirkni- og átakakenningum
- eigindlegum og megindlegum rannsóknaraðferðum
- helstu hugtökum félagsfræðinnar

Leiknimarkmið:

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í:*

- tengja saman rannsóknarniðurstöður og kenningar
- beita kenningum á mismunandi viðfangsefni
- beita hugtökum á mismunandi viðfangsefni
- beita rannsóknaraðferðum á mismunandi viðfangsefni
- taka fræðilega afstöðu til samfélagslegra álitamála

Hæfnimarkmið:

*Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- skoða félagsleg viðfangsefni með mismunandi kenningarlegum gleraugum
- geta lagt mat á rannsóknir í félagsvísindum
- leggja mat á hvaða rannsóknaraðferðir henta best á ólík rannsóknarefni og við misjafnar aðstæður
- geta metið sitt eigið vinnuframlag og annarra
- geta sett fram efni sitt í máli og riti af kunnáttu, yfirvegaðan hátt og leikni

| | |
|---|---|
| sem metið er með: | *Sí- og leiðsagnarmat* |

| | |
|---|---|
| Námsefni: | Grunnur að skilningi á samfélaginu – Rafbækur í félagsvísindum eftir Boga Ragnarsson |

| **Námsmat:**<br><br>**Þetta er símatsáfangi sem byggir á leiðsagnarmati og jafningamati.** | |
|---|---|
| Verkefnaeinkunn (100%): | |
| 50% verkefni | 5x10% verkefni þar sem unnið er með hugtök og hugmyndir úr lesefninu |
| 10% glósur | Nemendur skila inn glósum úr efni kaflanna |
| 25% heimapróf | Heimapróf sem er opið yfir helgi. Öll gögn leyfð. |
| 10% Lokaverkefni | Lokaverkefni þar sem unnið er með allar helstu hugmyndir áfangans |
| 5% Þátttaka, ástundun og mæting | Virkni nemanda, þátttaka hans í umræðum, ástundun vinnu og mæting (í tilfelli staðnema) |
| | **Fjarnemar vinna öll sömu verkefni einslega nema þeir biðji um annað og er útfærsla skila þeirra tilgreind hverju sinni, lúti þau öðrum reglum.** |

| **Skipulag náms:** |
|---|
| Námstilhögun: |
| Nemendur fara í gegn um lesefni bókarinnar um kenningar- og hugtök félagsfræðinnar á fyrri hluta annar og skila inn glósum úr hverjum kafla fyrir sig. Að þeirri yfirferð lokinni er lagt fyrir gagnapróf úr efni bókarinnar.<br><br>Lesnir eru þrír kaflar á viku og tekur yfirferðin því fimm vikur. Glósurnar eru hugsaðar sem undirbúningur og má hafa þær með sér í prófinu.<br><br>Eftir lestur bókarinnar og próf verða unnin verkefni úr efni bókarinnar. Þá fara tímar vikunnar í verkefnavinnu og umræður eftir því sem þurfa þykir, en þær umræður munu ekki gilda til einkunnar heldur eru þær hugsaðar til að aðstoða nemendur til skilnings.<br><br>Eftir páska er svo unnið með hagnýt verkefni sem ganga út á að skoða hvernig kenningar og aðferðafræði félagsfræðinnar tengjast þegar rannsóknir eru framkvæmdar. |
| Um skilafrest og vanskil: |
| **Skilakassi á Moodle lokar kl. 23:59 á föstudögum og ekki er gefinn frestur á verkefnaskilum eftir það. Aðeins skólameistari getur gefið leyfi fyrir seinkun á verkefnaskilum í undantekningartilfellum.** |

| Um próf: |
| --- |
| Heimapróf er gagnapróf, þar sem nemendur svara 3-5 spurningum eins ítarlega og mögulegt er. Prófið er tekið á fyrirframákveðnu tímabili og hafa nemendur 2 klst. til að svara því eins ítarlega og færi er á frá því að þeir opna prófið. |

## Áætluð Yfirferð

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð | Skil á verkefnum |
| --- | --- | --- |
| **Vika 2**<br><br>**4. – 10. janúar**<br>**Kennsla hefst 5. janúar** | Kaflar 1-3 | |
| **Vika 3**<br><br>**11. – 17. janúar**<br>**Framhaldsdeild í húsi** | **Kaflar 4-6** | |
| **Vika 4**<br><br>**18. – 24. janúar**<br>**Úrsögn úr áfanga lýkur 23. jan** | Kaflar 7-9 | |
| **Vika 5**<br><br>**25. – 31. janúar** | **Kaflar 10-12** | |
| **Vika 6**<br><br>**1.– 7. febrúar** | Kaflar 13-15 | |
| **Vika 7**<br><br>**8. – 14. febrúar**<br>**Námsmatsdagur 13. feb** | Heimapróf/gagnapróf | |
| **Vika 8**<br><br>**15. – 21. febrúar** | Verkefni 1 | |
| **Vika 9**<br><br>**22. – 28. febrúar**<br>**Starfsþróunardagur 27. feb** | **Verkefni 1** | |
| **Vika 10** | Verkefni 2 | |

| | | |
|---|---|---|
| **1. – 7. mars**<br>**Valtímabil hefst 2. feb**<br>**Valtímabili lýkur 6. feb** | | |
| **Vika 11**<br><br>**8. – 14. mars**<br>**Framhaldsdeild í húsi**<br>**ÁRSHÁTÍÐ NFSN 12. mars** | **Verkefni 2** | |
| **Vika 12**<br><br>**15. – 21. mars**<br>**Námsmatsdagur 16. mars** | Verkefni 3 | |
| **Vika 13**<br><br>**22. – 28. mars** | **Verkefni 3** | |
| **Vika 14**<br><br>**29. mars – 4. apríl**<br>**Páskafrí** | Páskafrí frá 30. mars til 6. apríl | |
| **Vika 15**<br><br>**5. – 11. apríl**<br>**Kennsla hefst 7. apríl** | **Verkefni 4** | |
| **Vika 16**<br><br>**12. – 18. apríl** | **Verkefni 4** | |
| **Vika 17**<br><br>**19. – 25. apríl**<br>**Sumardagurinn fyrsti 23. apríl**<br>**Námsmatsdagur 24. apríl** | **Verkefni 5** | |
| **Vika 18**<br><br>**26. apríl – 2. maí**<br>**Verkalýðsdagurinn 1. maí** | **Verkefni 5** | |
| **Vika 19**<br><br>**3. – 9. maí**<br>**Framhaldsdeild í húsi** | **Lokaverkefni** | |

| | | |
|---|---|---|
| **Vika 20**<br><br>**10. – 16. maí**<br>**Síðasti kennsludagur 13. maí**<br>**Útskrift 22. maí** | **Lokaverkefni** | |

*Birt með fyrirvara um breytingar*
Hermann